Byggðastofnun
Þróunarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/266
komudagur 25.11. 2009

Dagsetning
24.11.2009

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vitamál nr. 132/1999, mál 74 og frumvarp til landflutningalaga, mál 58.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreind frumvörp. Stofnunin fagnar því sem fram kom í umræðum um frumvarp til landflutningalaga að vegstyttingar hafi leitt til lækkunar flutningstaxta milli höfuðborgarsvæðisins og Ísafjarðar. Þá finnst Byggðastofnun jákvætt að strandsiglingar skuli vera til skoðunar í samgönguráðuneytinu, með það að markmiði að lækka flutningskostnað til og frá landsbyggðinni.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar

Heimilisfang Ártorgi 1 **Sími** 455 5400 **Bréfsími** 455 4477 **Netfang** gg@byggdastofnun.is **Heimasíða** http://www.byggdastofnun.is
550 Sauðárkróki

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/329
komudagur 30.11.2009

Alþingi
Kristjana Benediktsdóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir

NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 30.11.2009
Tilv. 2009/0157 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landflutninga, 58. mál.

Með bréfi, dags. 9. nóvember 2009, óskaði samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Neytendastofu um frumvarp til landflutningalaga, 58. mál. Í bréfinu var þess óskað að umsögnin bærist eigi síðar en 23. nóvember 2009.

Beðist er velvirðingar á því að umsögn þessi skuli ekki berast innan tilskilins tíma.

Neytendastofa þakkar fyrir tækifærið til að tjá sig um frumvarpið og óskar eftir því að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd við frumvarpið.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um gildissvið laganna. Samkvæmt ákvæðinu gildir frumvarpið um alla vöruflutninga með ökutæki á landi. Í 5. gr. frumvarpsins eru póstflutningar sem falla undir ákvæði laga um póstþjónustu þó undanskilin ákvæðum frumvarpsins.

Neytendastofa leggur til að við undanþáguákvæði sé því bætt að frumvarpið fjalli ekki um afhendingu matvöru eða drykkjarvöru sem ætluð er til heimilisnota. Einhverjar matvöruverslanir hafa boðið viðskiptavinum sínum upp á s.k. heimsendingarþjónustu og telur Neytendastofa ekki rétt að þjónusta þeirra falli undir framangreint frumvarp. Í því sambandi bendir stofnunin einnig á ákvæði 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um húsgöngu- og fjarsölusamninga nr. 46/2000.

Neytendastofa gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir

24.3.2010

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1383
komudagur 25.3.2010

Til samgöngunefndar Alþingis.

Ég hef veitt því athygli að til meðferðar Alþingis er frumvarp til "landflutningalaga" og hefur það fengið afgreiðslu úr þingnefnd. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga nr. 24/1982 um "flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi".

Ákvæði frumvarpsins sem og ákvæði gildandi laga fjalla einkum um samskipti sendanda og viðtakanda annars vegar og flytjanda hins vegar og um ábyrgð þessara aðila á flutningi "vöru" með bifreiðum. Af fyrirsögn frumvarpsins mætti ætla að þar sé um að ræða frumvarp að heildarlöggjöf um "landflutninga". Svo er þó alls ekki. Hér er fjallað afmarkaðan þátt starfsemi, um hin einkaréttarlegu samskipti aðila við "vöruflutninga" á landi.

Bent skal á að til eru önnur lög, nr. 73/2001, sem bera heitið "lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi". Þar er fjallað um starfsemi þeirra sem annast flutninga á landi, hvort heldur er farþegaflutninga eða farmflutninga, og um starfsleyfi þeirra, þ.e. starfsemina út frá opinberum rétti. Vísar fyrr nefnt frumvarp m.a. til þeirrar löggjafar. Verður að líta á lögin frá 2001 sem meginlög en lögin frá 1982 (og frumvarpið) sem sérlög til fyllingar.

Með lögum nr. 51/2005 um breytingu á lögunum frá 2001 var horfið frá notkun hugtakanna "vöruflutningar" og "efnisflutningar". Í stað þess var tekið upp hugtakið "farmflutningar". Ekki þótti nægilega skýrt um hvað væri að ræða með orðunum "vara" og "efni". Farmur er hins vegar þekkt hugtak og fjallar um hvað eina sem flutt er, mannfólk þó gjarnan undanskilið. Dæmi um þetta eru búslóð, korn, sement, mjólk, vatn, bensín, steypa, túrbínur í virkjanir, fiskur, fiskúrgangur, trjástofnar, trjáplöntur, garðaúrgangur, uppgröftur úr húsgrunnum, möl, stórgrýti, fiskúrgangur, sorp, lifandi dýr o.s.frv. Allt þetta var hér áður fyrr kallað "góss" en er í nútímamáli kallað "farmur". Rökrétt væri að nota hér orðið farmur; svo má ef ástæða er til undanskilja tiltekna flokka farms, svo sem póst o.s.frv.

Gera verður athugasemd við hugtakið "landflutningar". Er verið að flytja land? Rætt er um farmflutninga, farþegaflutninga, maiarflutninga, póstflutninga o.s.frv. Vissulega er talað um sjóflutninga og loftflutninga. Í frumvarpinu er talað um "vöruflutning" (í eintölu) en yfirleitt mun talað um flutninga (í fleirtölu).

Ég tel fulla ástæðu til að framangreind atriði verið tekin til skoðunar áður en legra er haldið.

Þá hef ég veitt athygli athugasemdum við frumvarpið sem komu m.a. frá Umferðarstofu og Vegagerðinni. Furða ég mig á því að ekki skuli tekið tillit til þessara athugasemda, bæði hvað varðar skilgreiningar hugtaka og lagfæringar á málfari. Það hlýtur að vera eðlilegt að leggja skilgreiningar umferðarlaga til grundvallar. Margar þeirra byggja á alþjóðlegri samræmingu sem ólíklegt verður að telja að til standi að breyta í væntanlegu frumvarpi. Ef ástæða er til að víkja frá skilgreiningu umferðarlaganna má kveða á um það í sérlögunum.

Tekið skal fram að frumvarpið í heild sinni hef ég ekki kynnt mér heldur eingöngu nokkur meginatriði sem athugasemdir þessar eru reistar á.

Virðingarfyllst,

Ólafur W. Stefánsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/207
komudagur 23.11.2009

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 20. nóvember 2009
Tilvísun: 2009110077
50.03
Tilvísun yðar: Þskj. 58 — 58. mál.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra hefur farið yfir frumvarp til laga um landflutninga samkvæmt tölvubréfi nefndasviðs Alþingis 9. þ.m. Af því tilefni telur ríkislögreglustjóri rétt að vekja athygli á skilgreiningum hugtaka í 2. gr. frumvarpsins sem ekki eru í samræmi við ákvæðin í 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eða 3. gr. frumvarpsdraga til nýrra umferðarlaga.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að það hafi að geyma ítarlegri reglur um flutning á hættulegum vörum og skyldum sendanda og úrræði flytjanda og fleira. Af því tilefni er minnt á reglugerð nr. 984/2000 um flutting á hættulegum farmi sem sett er á grundvelli 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga.

F.h. RLS
Guðmundur Guðjónsson / Thelma Clausen Þórðardóttir

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/208
komudagur 23.11.2009

20.11.2009

Til samgöngunefndar Alþingis

Vísað er til erindis nefndarsviðs, varðandi rumvarp til laga um landflutninga, 58. mál. 138. löggjafarþings.

Sambandið hefur ekki athugasemdir við frumvarpið og lætur því ekki í té umsögn um það.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tryggvi Þórhallsson lögfr.

LEX
LÖGMANNSSTOFA

Alþingi
Erindi nr. Þ /138/241
komudagur 24. 11. 2009

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um landflutninga (58. mál)

Af hálfu umbjóðanda míns, Samskipa hf., hefur verið móttekið til umsagnar frumvarp til laga um landflutninga (58.mál).

Umbjóðandi minn hefur falið undirritaðri að koma eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið á framfæri.

Í fyrsta lagi eru gerðar verulegar athugasemdir við **3. og 4. mgr. 27. gr.** fumvarpsins þar sem kveðið er á um ábyrgð móttakanda.

27. gr. frumvarpsins er nú svohljóðandi:

„27. gr.

Móttakandi skal taka við vöru á ákvörðunarstað eins fljótt og verða má og eigi síðar en þremur dögum eftir að honum er kunnugt um að varan sé tilbúin til afhendingar.

Með móttöku vöru skuldbindur móttakandi sig til að greiða flutningsgjald og aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr., nema um annað sé samið.

Ákvæði 2. mgr. eiga þó ekki við ef móttakandi hefur sannanlega óskað eftir því við sendanda og flytjanda að vara sé ekki flutt til hans með þeim greiðsluskilmálum að móttakandi eigi að greiða flutningsgjald eða aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr.

Komi til þess að vara sé samt sem áður send og afhent móttakanda þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal sendandi greiða flutningsgjald og aðrar kröfur sem flytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 3. mgr. 7. gr.

Um móttöku, afhendingu og flutning vörunnar skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum III. kafla."

Starfsemi flytjanda hér á landi er þess eðlis að umbjóðandi minn kveður einfaldlega ekki unnt að starfa samkvæmt þessum ákvæðum.

Um er að ræða margar smáar rekstrareiningar, hjá umbjóðanda mínum, sem dreifðar eru um landsbyggðina. Flutningur viðkvæmrar vöru t.d. matvöru ber skjótt að og þarf að flytja nánast samstundis landshorna á milli. Byggist starfsemi flytjenda á því að mótteknum sendingum er komið til hins skráða móttakanda sem fyrst eftir að varan er móttekin. Verða flytjendur einfaldiega að geta treyst fyrirmælum sendenda og þeim upplýsingum sem fram koma á fylgibréfum um móttakendur og afhendingarstaði.

Verði umrætt frumvarpsákvæði að lögum felur það í sér að skráður móttakandi getur móttekið vörur, kvittað fyrir móttöku þeirra, án þess að hann sé skuldbundinn til þess að greiða flutningsgjald eða annan áfallinn kostnað hjá flytjanda. Á viðkomandi móttakanda hvíla engar skyldur þess að tilkynna viðkomandi sendanda um að hann hafi móttekið vöru, né hvílir á honum skylda skv. lagaákvæðinu til þess að skila vörunni og getur flytjandi því ekki nýtt þær heimildir sem hann hefði að öðrum kosti til að tryggja flutningsgjald t.d. haldsrétt.

Fullyrðir umbjóðandi minn að umrædd ákvæði eigi ekki heima í lögum og geti valdið miklum erfiðleikum í flutningum og starfsemi flytjenda. Jafnframt geti þau valdið miklum erfiðleikum í samskiptum flytjenda og sendenda/byrgja og ekki síst flytjenda og móttakenda. Er um að ræða verulega íþyngjandi ákvæði sem stangast á við meginreglur samningalaga.

Ákvæði sem þessi eiga heima í samningum aðila, þ.e. samningum á milli sendenda og móttakenda, þ.e. hvaða flytjandi eigi að flytja vörur þeirra á milli. Ef sendandi virðir ekki samning þeirra á móttakandi eðlilega kröfu á sendanda.

Flytjandi er ekki aðili að samningum sendanda og móttakanda og er því fráleitt að hann líði fyrir samskipti þessara aðila, og eða hugsanlegar deilur þeirra.

Það er eðlilega hlutverk hins skráða móttakanda að hafna móttöku vörunnar óski hann ekki eftir því að móttaka hana og greiða flutningsgjald en ekki flytjanda og með móttöku vörunnar fellst móttakandi á að greiða áfallin gjöld.

Hafni hinn skráði móttakandi, móttöku vörunnar er hún send aftur til sendanda sem greiðir þá fyrir flutning hennar og hefur flytjandi þá möguleika á því að beita haldsrétti til þess að fá greitt fyrir flutninginn, sem hann getur ekki ef hinn skráði móttakandi getur bæði móttekið vöru og hafnað greiðsluskyldu með löglegum hætti, það gengur einfaldlega ekki upp.

Það liggur í augum uppi að 3. og 4. mgr. 27 gr. frumvarpsins stangast á við meginreglur kröfu- og samningaréttar og er þess því farið á leit að þær verði felldar niður eða breytt.

Umbjóðandi minn gerir í öðru lagi athugasemdir við 21. gr.frumvarpsins.

Telur umbjóðandi minn takmörkunarfjárhæð vera of háa, miðað er við 12, 5 en umbjóðandi minn telur eðlilegt að miðað sé við 8,33 eins og gert er víða erlendis t.d. í CMR. Farmgjald miðast ekki við verðmæti vörunnar og er því mikilvægt að ábyrgðarfjárhæðir séu ekki of háar enda kaupa sendendur og móttakendur almennt tryggingar fyrir tjóni sem þeir kunna að verða fyrir, hjá tryggingafélögum, sem síðan endurkrefja flytjendur.

Þess er farið á leit að undirrituð fái að koma á fund nefndarinnar til að rökstyðja athugasemdir umbjóðanda míns.

Reykjavík 24. nóvember 2009

Virðingarfyllst
f.h. Samskipa hf.

Lilja Jónasdóttir hrl.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/243
komudagur 24.11.2009

Skeljungur
Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík
Sími: 444 3000
www.skeljungur.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. nóvember 2009

Umsögn um frumvarp til landflutningalaga - 58. mál

Með bréfi þessu gefur Skeljungur hf. umsögn um frumvarp til landflutningalaga, sem gildir um vöruflutninga með ökutæki á landi án tillits til þess hvort greitt er fyrir flutninginn eða ekki, enda annist flytjandi flutninginn. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að megintilgangur frumvarpsins sé að laga gildandi reglur að núverandi rekstrarumhverfi.

Við einstök atriði frumvarpsins eru gerðar eftirfarandi athugasemdir.

Í 1. grein um gildissviðið segir að lögin gildi um alla vöruflutninga, hvort sem þeir eru gegn gjaldi eða ekki, *"enda annist flytjandi flutning"*. Í 2. grein er flytjandi skilgreindur sem *"sá sem með samningi tekur að sér vöruflutning með ökutæki fyrir annan, eiganda, sendanda og/eða móttakanda vörunnar,hvort sem hann ekur ökutækinu sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu."* Skeljungur vill árétta þann skilning á framangreindum ákvæðum, að þegar flytjandi er jafnframt eigandi vörunnar þá eigi lögin ekki við um þann vöruflutning. Lagt er til að lögin taki af allan vafa varðandi eigin vöruflutninga flytjanda.

Í 2. gr. eru skilgreind 6 atriði, þmt. orðið vöruflutningur. Af lögunum er óljóst hvað telst til vöru. Telst t.d. margvíslegt byggingarefni eða byggingarúrgangur til vöru? Ef svo er, er þá gert ráð fyrir því að vörubílstjóri sem keyrir jarðefni úr húsgrunni fylli út farmbréf, eða að sama aðili fylli út farmbréf þegar hann keyrir fyllingarefni í sama húsgrunn? Sama gildir td. um sorp eða úrgang, teljist slíkt til vöru þá þarf gáma- eða sorpfyrirtæki að fylla út farmbréf fyrir slíkum flutningum. Lagt er til að orðið *"vara"* verði skilgreint, þannig að eyða megi óvissu af þessu tagi.

Ákvæði laganna snúa að flutningasamningum þe. útfyllingu fylgibréfs sem sönnun fyrir gerð flutningssamnings (II. kafli). Síðan er fjallað um móttöku vörunnar, flutning hennar, afhendingu og flutningsgjöld (III. kafli) og ábyrgð og skyldur hvers aðila (IV-VI kafli). Þessi ákvæði frumvarpsins snerta starfsemi Skeljungs, sem eigendur farms í innanlandsflutningum, sem sendanda og/eða móttakanda þar sem flutningsþjónusta er aðkeypt.

Í 8. grein eru skilgreind þau atriði sem amk. skulu vera í fylgibréfi, en því til viðbótar er farmflytjanda heimilt að setja einhliða viðtækari ákvæði inn í flutningssamninga. Á þessum grundvelli getur farmflytjandi sett inn íþyngjandi eða ósanngjörn ákvæði. Hér er ma. átt við að farmflytjandi getur sett ákvæði um að vara geti orðið að veði umfram það sem talið er upp í 28. grein. Sambærilegt ákvæði kemur fram í almennum

þjónustuskilmálum SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu um flutning frá höfn til hafnar, en innlend skipafélög vísa til þessara skilmála í flutningasamningum sínum.

Í 9. grein þjónustuskilmála SVÞ, um haldsrétt og samningsveð stendur:

"Félagið skal eiga haldsrétt og samningsveð, eftir því sem við á, í öllum vörum, sem eru í vörslum félagsins, vegna allra krafna þess á hendur viðskiptamanni vegna varanna **og vegna allra annarra krafna á hendur honum, sem ekki tengjast vörunum á nokkurn hátt.** *Ef félagið hyggst beita framangreindum haldsrétti eða samningsveði skal það tilkynna viðskiptamanni skrifiega um slíkt. Í tilkynningunni skal gera almenna grein fyrir tilefni viðkomandi aðgerðar ásamt fjárhæð kröfunnar eða samtölu ef um fleiri kröfur er að ræða.*
Komi til þess að viðskiptamaður greiði ekki kröfuna í kjölfar framangreindrar tilkynningar er félaginu heimilt að selja vöruna á hvern þann hátt sem félagið telur að sé hagstæðast hverju sinni, á kostnað og ábættu viðskiptamanns og án þess að tilkynna viðskiptamanni það sérstakiega. Nægi afrakstur inn af sölu vörunnar ekki til gera upp kröfuna, á félagið rétt á að fá mismuninn greiddan úr hendi viðskiptamanns ásamt vöxtum og kostnaði. Verði hins vegar afgangur af sölunni, eftir að búið er að gera upp kröfuna ásamt vöxtum og kostnaði, skal hann greiddur viðskiptamanni".

Tryggja þarf að vara verði aldrei veðsett umfram það sem heimilt er skv. 28. grein frumvarpsins.

Í 27. grein er ósanngjarnt ákvæði um að móttakandi skuli taka við vöru *"eigi síðar en þremur dögum eftir að honum er kunnugt um að varan sé tilbúin til afhendingar".*
Þessi tímamörk eru allt of þröng og gefa móttakanda ekki nægjanlegt svigrúm. Lagt er til að í stað þriggja daga verði mörkin rýmkuð og miðist að lágmarki við 30 daga.

Í 28. grein er síðan ákvæði um haldsrétt, sem veitir sendanda rétt á grundvelli ákvæða fylgibréfs og flutningasamnings, sbr. umræðu um 8. gr. að framan, til að halda hlut áfram í vörslum sínum, þar til krafa, sem sendandi á gagnvart eiganda hlutarins eða þriðja manni er að fullu greidd. Á grundvelli haldsréttar getur seljandi síðan selt eins mikið af vörunni sem þarf til lúkningar á kröfum, án undangenginnar áskorunar til sendanda, móttakanda eða eiganda hennar. Þessar heimildir ganga of langt. Í fyrsta lagi þá þarf að tryggja það að haldsréttur falli niður þegar greitt hefur verið flutningsgjald og annar kostnaður sem af flutningi stafa. Í öðru lagi þarf að fella niður heimild flytjanda til að selja vöru til lúkningar kröfum á þann hátt sem hann kýs og án undangenginnar áskorunar til sendanda, móttakanda eða eiganda vörunnar. Óbreytt ákvæði getur t.d. haft í för með sér að vara sem seld er kaupanda með eignarréttarfyrirvara, getur glatast í flutningi, sé hún ekki sótt tímanlega af kaupanda til farmflytjanda.

Skeljungur hf.

Ólafur Jónsson.

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/351
komudagur 1.12.2009

Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Nefndasvið Alþingis,
b.t. ritara samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um landflutninga – 58. mál.

Samtökum verslunar og þjónustu hefur borist til umsagnar umrætt frumvarp. Forsaga þessa máls er sú að samtökin sendu haustið 2006 erindi til þáverandi samgönguráðherra með ósk um að fram færi heildarendurskoðun á lögum um landflutninga. Var mat hagsmunaaðila að fjölmörg atriði laganna væru orðin úrelt og að aðkallandi væri að endurskoða lögin í heild sinni.

Í framhaldi af erindi samtakanna var sett á laggirnar nefnd til að endurskoða lögin og voru tveir af þremur nefndarmönnum tilnefndir af Samtökum verslunar og þjónustu.

Þar sem samtökin hafa haft svo nána aðkomu að samningu frumvarpsins munu þau ekki senda inn formlega umsögn um frumvarpið. Einstök aðildarfyrirtæki samtakanna kunna hins vegar að hafa ólíkar áherslur gagnvart einstökum ákvæðum í frumvarpinu og munu þessi aðildarfyrirtæki því senda sína eigin umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. SVÞ

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Borgartúni 35 Tel: +354 511 3000 svth@svth.is
IS-105 Reykjavík, Iceland Fax: +354 511 3001 www.svth.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/375
komudagur 2.12.2009

Nefndasvið Alþingis

30. nóvember 2009

Frumvarp til landflutningalaga. Þskj. 58 — 58. mál.
(Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010.)

Athugasemdir Umferðarstofu og tillögur um breytingar á frumvarpinu, sendar skv. beiðni samgöngunefndar Alþingis í tölvupósti 9. nóvember 2009.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

1. gr. frv. orðist svo:

Lög þessi gilda um flutning flytjanda á vöru á vegi eða utan vegar með bifreið eða vagnlest fyrir einn eða fleiri viðskiptavini í senn, jafnt í þéttbýli sem utan þess og án tillits til þess hvort greitt er fyrir flutning eða ekki. Auk þess gilda lögin meðan á vöruflutningi stendur um lausan eftirvagn sem tímabundið er ekki tengdur við bifreið eða gám sem tímabundið er ekki á bifreið eða eftirvagni.

Þau ákvæði laganna, þar sem eingöngu er getið um flutning með bifreið eða vagnlest, gilda einnig um flutning sem fer fram með öðru vélknúnu ökutæki en bifreið þegar svo ber undir.

Lögin gilda um réttarsamband flytjanda, sendanda og móttakanda vöru, svo og um réttarsamband eiganda vöru og flytjanda þótt eigandi sé hvorki sendandi né móttakandi vöru.

Aths.:

Landflutningalögum er skv. frumvarpinu ætlað að koma í stað laga um landflutninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi nr. 24/1982.

Skv. 1. og 2. gr. laga nr. 24/1982 gilda lögin um vöruflutninga á landi með bifreið og einnig um vöruflutninga með vögnum, sem tengdir eru eða festir við bifreið en ganga ekki fyrir eigin vélarafli.

Raunin er sú að vöruflutningar á vegum hér á landi fara nær eingöngu fram með bifreið eða vagnlest. Einnig er í reglum um aksturs- og hvíldartíma ökumanna í farþega- og vöruflutningum í atvinnuskyni, kveðið á um flutning með bifreið eða vagnlest.

Gámur er ekki ökutæki heldur eins konar ílát undir farm sem er fluttur á bifreið eða eftirvagni.

Lagt er til að 4. mgr. verði felld niður þar sem tæpast þarf að taka sérstaklega fram í lögunum að fara skuli eftir fyrirmælum laganna.

2. gr. frv. orðist svo:

Í lögum þessum er merking eftirfarandi orða sem hér segir:

Eftirvagn: ökutæki, sem hannað er til að vera dregið af bifreið eða öðru vélknúnu ökutæki og aðallega er ætlað til vöruflutninga.

Flytjandi: skráður eigandi eða umráðamaður vélknúins ökutækis eða sá sem hefur það að láni og notar til vöruflutninga á landi í atvinnuskyni og ekur því sjálfur eða ökumaður í hans þjónustu.

Gámur er samheiti fyrir gám, gámafleti og gámatank sem er: stórt kassalaga ílát, ýmist lokað eða opið, flutt á bifreið eða eftirvagni og fest með sérstökum búnaði.

Vagnlest: tengd ökutæki, þ.e. bifreið eða annað vélknúið ökutæki sem dregur eftirvagn.

Aths.:

Skilgreining á eftirvagni og flytjanda mótast af skilgreiningu í 2. gr. umferðarlaga.

Skilgreining á gámi er í samræmi við almenna lýsingu.

Skilgreining á vagnlest er í samræmi við skilgreiningu í reglugerðum, settum skv. umferðarlögum.°

Merking orðsins „bifreið" er ekki skýrð í lögum nr. 24/1982, lögum nr. 39/1988 um bifreiðagjald eða í lögum nr. 87/2004 um olíugjald. Gera má ráð fyrir að merking orðsins er almennt þekkt og „bifreið" er skilgreind í umferðarlögum nr. 50/1987. Sama gildir um „vélknúið ökutæki". Því sýnist óþarft að skýra merkingu þessara orða í frumvarpinu.

Orðið „fjölþáttaflutningur" er hvergi notað í frv. nema í skilgreiningu í 2. gr. þess. Hvers vegna þarf þá að skilgreina orðið?Lagt er til að skilgreining þess falli niður úr frumvarpinu.

Í 1. mgr. 1. gr. er afmarkað gildissvið vöruflutninga á landi með þeim hætti að skilgreining á vöruflutningi í 2. gr. frv. sýnist óþörf.

3. gr. frv. orðist svo:

Sé bifreið eða vagnlest flutt á skipi hluta flutningsleiðar, án þess að vera jafnframt losuð, gilda þessi lög um allan flutninginn.

Þegar skipt er um bifreið, eftirvagn eða eftir atvikum gám áður en vara er komin á ákvörðunarstað, er litið á flutninginn með sama hætti og engin slík skipti hefðu átt sér stað.

Aths.:

Breyting á 3. gr. mótast af því að notuð eru orðin bifreið, eftirvagn og vagnlest og áréttað er að gámur er hluti af farmi en ekki flutningstæki.

4. gr. breytist þannig:

Í stað „og undirverktaka" á eftir „umboðsmenn" og á undan „flytjanda" kemur: flytjanda sem er undirverktaki.

Aths.:

Koma þarf skýrt fram að undirverktaki flytjanda er flytjandi.

13. gr. frv. orðist svo:

Flytjanda skal hafa tilskilið leyfi til flutnings eftir því sem við á. Hann ber ábyrgð á að bifreið, eftirvagni og eftir atvikum gámi, sem notuð eru við flutning, séu í lagi með tilliti til flutnings, lestunar og losunar, svo og til geymslu vöru.

Aths.:

Breyting á orðalagi m.a. til samræmis við orðalag í umferðarlöggjöf, s.s. varðandi „lestun" og „losun" farms.

16. gr. frv. orðist svo:

Flytjandi skal afhenda vöru á ákvörðunarstað, þeim sem skráður er móttakandi í fylgibréfi skv. 1. mgr. eða á kvittun skv. 3. mgr. 7. gr., nema sendandi og flytjandi hafi samið um annað.

Nú er móttakandi ekki reiðubúinn eða hann neitar að veita vöru viðtöku, hann er ókunnur, finnst ekki eða af öðrum orsökum flytjanda er ómögulegt er að afhenda vöru. Skal þá flytjandi koma vöru í örugga geymslu á kostnað og áhættu sendanda og lýkur flutningnum þar með, nema um annað sé samið. Skal flytjandi án ástæðulausrar tafar tilkynna sendanda um hvar vara er geymd og fá fyrirmæli hans um meðferð hennar. Flytjandi getur krafið sendanda um áfallinn kostnað meðan beðið er fyrirmæla sendanda og síðan um kostnað við að framfylgja þeim.

Sé vara endursend, skal sendandi greiða flutningsgjaldið og einnig aðrar réttmætar kröfur flytjanda vegna fyrri flutnings samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 7. gr. sem og kostnað sem til fellur vegna endursendingar vöru.

Nú fær flytjandi ekki fyrirmæli sendanda innan fjórtán daga frá því að hann sendi honum tilkynningu með sannanlegum hætti skv. 2. mgr. Er þá flytjanda heimilt að:

a. selja svo mikið af vöru sem þarf til lúkningar á kröfum, sem á henni hvíla, á hvern þann hátt sem hann telur að sé hagstæðastur hverju sinni, án þess að þörf sé á undan genginni áskorun til sendanda, móttakanda og eiganda vöru eða
b. farga vöru, allri eða hluta, á kostnað og áhættu sendanda enda sé honum tilkynnt skriflega með hæfilegum fyrirvara um þá ráðstöfun flytjanda eða
c. koma vöru eða því sem ekki er selt skv. a-lið eða ekki er fargað skv. b-lið í örugga geymslu á kostnað og áhættu sendanda enda sé sendanda tilkynnt skriflega um þá ráðstöfun.

Deleted: sem

Formatted: Highlight

Aths.

Hvers konar áskorun er átt við, sbr. a-lið 4. mgr., til sendanda, móttakanda og eiganda vöru? Í ljósi þess að slík áskorun sýnist varða alla þrjá, sbr. a-lið, hví má þá farga vöru eftir að hafa tilkynnt sendana einum um förgun vörunnar en ekki, eftir atvikum, móttakanda og eiganda?

17. gr. frv. orðist svo:

Þegar vara er komin á ákvörðunarstað getur móttakandi krafist þess að fá hana afhenta gegn greiðslu samkvæmt fylgibréfi eða kvittun skv. 7. gr., auk annarra gjalda sem hvíla á vöru enda uppfylli hann öll skilyrði flutningssamnings.

Flytjanda er heimilt að krefjast þess að móttakandi sanni á sér deili áður en vara er afhent en getur ella neitað að afhenda vöru án þess að baka sér skaðabótaskyldu. Eiga þá eftir atvikum við ákvæði 2. og 3. mgr. 16. gr.

Deleted: n

Verði ágreiningur um fjárhæð og hvaða gjöld móttakanda beri að greiða skv. 1. mgr., getur flytjandi neitað að afhenda vöru, nema gegn tryggingu sem hann tekur gilda.

1. mgr. 18. gr. frv. orðist svo:

Hafi ekki verið samið um fjárhæð flutningsgjalds, skal hún vera skv. gjaldskrá flytjanda. Sé slík gjaldskrá ekki fyrir hendi, skal fjárhæðin nema því gjaldi sem almennt var miðað við þá er flytjandi tók við vöru.

2. mgr. 19. gr. frv. breytist þannig:

Í stað „viðhaft þær aðgerðir" á eftir „ábyrgð á hafi" komi: staðið þannig að verki.

Í stað „framkvæma slíkar aðgerðir" á eftir „hafi verið að" komi: standa öðru vísi að verki.

20. gr. frv. breytist þannig:

Í 1. mgr. í stað „eftir verðmæti vörunnar" á eftir „skal ákveða" komi: með hliðsjón af verðmæti vöru.

2. mgr. orðist svo: Liggi verðmæti vöru, eins og það er skv. vörureikningi, ekki fyrir, skulu bætur ákveðnar eftir verðmæti slíkrar vöru á þeim stað og tíma þar sem afhending fer fram. Geti slíkt verðmat ekki farið fram, skal miða bætur við markaðsverð. Sé hvorugu til að dreifa, skal miða bætur við venjulegt verð fyrir vöru sömu tegundar og af sömu gæðum. Sönnunarbyrði um verðmæti vöru hvílir á þeim sem bóta krefst.

Í 3. mgr. 19. gr. í stað „hafa verið valdir eða samvaldir að tjóninu" á eftir „bera ábyrgð á" komi: hafi valdið eða átt þátt í að valda tjóni.

21. gr. frv. breytist þannig:

1. mgr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 20. gr. verður flytjanda ekki gert að greiða hærri skaðabætur en:

a. sem nemur 12,5 SDR fyrir hvert kíló vöru sem skemmist eða glatast eða
b. sem nemur fjárhæð flutningsgjalds, sé um að ræða óeðlilegar tafir á afhendingu vöru og sá sem krefst bóta sannar að hann hafi orðið fyrir beinu fjártjóni vegna þeirra.

Í 2. mgr. í stað „fyrir sig ábyrgðartakmarkanir" á eftir „getur ekki borið" komi: því við að ábyrgð hans sé takmörkuð.

22. gr. frv. breytist þannig:

Í 2. málslið 2. mgr. í stað „aldrei" á eftir „geta þó" komi: ekki.

23. gr. frv. breytist þannig:

c-liður 1. mgr. orðist svo: á lestun og losun bifreiðar/vagnlestar svo og gáms sem móttakandi eða eigandi vöru sjá um.

25. gr. frv. orðist svo:

Sendanda ber að sjá til þess að ástand, frágangur og pökkun vöru sé með þeim hætti að hún þoli umsaminn flutning og að flytjandi geti með góðu móti og öruggum hætti sett vöru í gám, flutt hana með eftir atvikum annarri bifreið eða vagnlest, lestað hana og losað.

Deleted: öðru vélknúnu ökutæki

Sendanda ber að merkja vöru sérstaklega og skýra frá því, telji hann þörf á sérstakri meðferð eða aðgæslu við flutning.

Nú verður líkamstjón eða tjón á bifreið, eftirvagni, efni eða annarri vöru vegna þess að umbúðir um vörusendingu eru lélegar eða ófullnægjandi. Ber þá sendandi ábyrgð á tjóni nema flytjandi hafi mátt sjá að umbúðir voru lélegar eða ófullnægjandi, svo og hafi flytjanda verið kunnugt um það og hann tekið við vöru án fyrirvara um ástand umbúða.

26. gr. frv. breytist þannig:

1. mgr. orðast svo: Nú er flutt eldfimt/sprengifimt efni eða efni/vara sem er að öðru leyti hættuleg og getur valdið líkamstjóni eða tjóni á ökutæki/vagnlest, gámi eða vöru, svo sem sýrur eða önnur fljótandi efni. Skal þá sendandi bera ábyrgð á að vara sé merkt og sé í fullnægjandi umbúðum í samræmi við gildandi reglur um flutning á hættulegum farmi.

Í 2. mgr. í stað „viðhafa“ á eftir „verði að“ komi: gera.

Í 3. mgr. falli niður „þessa“ á eftir „upplýst flytjanda um“ og á eftir „eiginleika hennar“ komi: sbr. 1. mgr.

Í 3. mgr. í stað „ en þess skal ávallt gætt að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða“ á eftir „ valdi öðrum tjóni“ komi: Þess skal þó ávallt gætt að sendandi verði fyrir sem minnstu tjóni.

30. gr. frv. breytist þannig:

Í 1. mgr. í stað „vörunnar“ aftast í 1. málslið komi: vöru.

Í 1. mgr. í stað „varan“ á eftir „telst“ í 2. málslið komi: vara.

Í 2. mgr. í stað „vöruna“ á eftir „afhenda átti“ komi: vöru.

31. gr. frv. breytist þannig:

Í 1. mgr. í stað „á grundvelli“ á eftir „við flutning“ komi: sem byggður er á ákvæðum.

2. mgr. orðist svo: Nú er gerð krafa sem byggð er á ákvæðum laganna og gerður hefur verið samningur sem mælir fyrir um að slík krafa skuli ekki fyrnast eða að henni skuli fylgja lengri eða styttri fyrningarfrestur en mælt er fyrir um í 1. mgr. Er þá slíkur samningur ógildur.

Deleted: eru

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/242
komudagur 24.11.2009

VEGAGERÐIN

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2009
Tilvísun: 2009110021/90.12
SE/BH
Tölvupóstur 9.11.2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um landflutninga, 58. mál.

Með tölvupósti 9. nóvember sl. er óskað umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreint frumvarp sem er til meðferðar hjá samgöngunefnd Alþingis.

Gildissvið frumvarpsins er afmarkað í 1. gr. þess þar sem m.a.kemur fram að það gildir um vöruflutninga á landi með ökutækjum. Nánar tiltekið fjalla lögin um réttarsamband flytjanda, sendanda og móttakanda vörunnar. Auk þess gildir frumvarpið um réttarsamband eiganda vöru og flytjanda, sé eigandi hvorki sendandi né móttakandi vörunnar. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna kemur fram að lögunum er ætlað að koma í stað eldri laga um sama efni, nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga landi. Það skal tekið fram að Vegagerðin hefur ekki komið að framkvæmd þeirra laga en hefur hins vegar haft með höndum framkvæmd laga um fólks- og vöruflutninga á landi nr. 73/2001, sem fjalla um stjórnsýslulega þætti.

Í 2. gr. frumvarpsins eru skilgreind nokkur hugtök sem reynt getur á við framkvæmd laganna. Í athugasemdum í greinargerð við 2. gr. kemur fram að horft er til skilgreiningar umferðarlaga að mestu leyti við skilgreiningu á hugtakinu ökutæki. Athygli vekur að ekki er notuð sama aðferðafræði að öðru leyti við skilgreiningar á hugtökum í 2. gr. frumvarpsins. Vegagerðin vekur athygli á því að til umfjöllunar hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu eru drög að frumvarpi til nýrra umferðarlaga og gæti verið ástæða til að horfa til þess að samræmis verði gætt. Æskilegt er að samræmis verði gætt í hugtakanotkun á þessu sviði ef þess er nokkur kostur.

Hugtakið flytjandi er notað um þann sem með samningi tekur að sér vöruflutning fyrir eiganda, sendanda og/eða móttakanda vörunnar. Í umferðarlögum er hins vegar lögð áhersla á þann þátt að um sé að ræða flutning í atvinnuskyni. Þegar nánar er að gáð tengist þetta hugtak gildissviði þannig að ákvæði frumvarpsins eiga að gilda þegar flytjandi annast flutninginn. Eðlilegra gæti verið að skilgreina gildissviðið beint í 1. gr. þannig að ákvæðum frumvarpsins sé ætlað að gilda um vöruflutning þegar flytjandi tekur að sér með samningi að annast vöruflutning. Þá þyrfti ekki að skilgreina hugtakið flytjanda á annan hátt en gert er í umferðarlögum.

VEGAGERÐIN

Hugtakið vagn er notað um hverskyns eftirvagna og tengitæki sem hönnuð eru til að vera dregin af ökutæki og ganga ekki fyrir eigin vélarafli. Hvað átt er við með eftirvagn og tengitæki er ekki skýrt en skilgreiningu þessarra hugtaka er að finna umferðarlögum. Ekki verður í fljótu bragði séð að nauðsynlegt sé að kynna þetta hugtak til sögunnar. Telja verður eðlilegra að freista þess að nota sömu hugtök og notuð eru í umferðarlögum nema að nauðsynlegt sé talið að víkja frá því og skýra þau frávik þá í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.

Vegagerðin / Icelandic Road Admin. • Borgartúni 7 • IS-105 Reykjavík • Sími / Tel. (+354) 522 1000 • Fax (+354) 522 1009
• Heimasíða / Web: http://www.vegagerdin.is • Netfang / e-mail: vegagerdin@vegagerdin.is